

Snjómokstur í Borgarbyggð veturinn 2021-2022

-Viðmiðunarreglur-

Snjómokstur og hálkueyðing

Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís veldur einstaklingum, fyrirtækjum, fyrirtækjum og skólahaldi. Vetrarþjónusta miðar að því að halda opnum helstu stofn- og tengibrautum, skólabílaleiðum og aðgengi að neyðarþjónustu eins og kostur er. Ef veður eða veðurútlit er með þeim hætti, er áskilinn réttur að fella niður snjómokstur eða skerða þjónustu, s.s. meðan óveður gengur yfir.

Snjómokstri og hálkueyðingu í Borgarbyggð er stýrt af umhverfis-og framkvæmdadeild Borgarbyggðar og Vegagerðinni.

Borgarbyggð annast mokstur og hálkuvörnir að og við stofnanir sveitarfélagsins í dreifbýli og þéttbýli; við heilbrigðisstofnun HVE í Borgarnesi, slökkvistöðvar, húsnæði björgunarsveita, leik-og grunnskóla, íþróttamiðstöð, Safnahús og Ráðhús.

Reynt er að lágmarka umferð snjómoksturstækja við skóla á helstu ferðatímum barna til og frá skóla.

Vakin er athygli á að ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega mokstur á einstökum vegum eða götum.

Borgarbyggð sinnir ekki hálkuvörnum í dreifbýli.

Sveitarfélagið annast **ekki** snjómokstur:

- Á bílastæðum eða plönum einstaklinga og fyrirtækja
- Frá sorpílátum og bílskúrum einstaklinga og fyrirtækja
- Á einkavegum að húsnæði sem skilgreint er sem sumarhús í fasteignaskrá Þjóðskrár
- Á einkavegum í og að sumarhúsahverfum
- Þar sem einstaklingur er skráður með lögheimili en hefur ekki fasta búsetu allt árið á staðnum
- Að einstökum ferðamannastöðum
- Á hlöðum eða plönum við útihús í dreifbýli

Þá ber þeim er sinna snjómokstri fyrir Borgarbyggð ekki að draga bíla upp úr festu.

Sveitarfélagið greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án samþykkis, nema ef beiðni um mokstur kemur frá lögreglu, slökkviliði, læknum eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðartilvika. Ofantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis sveitarfélagsins.

Dreifbýli

Athygli er vakin á breyttum reglum um snjómokstur í dreifbýli.

Framvegis verður einungis full þjónusta á þeim leiðum sem er skólaakstur grunnskólabarna í samráði við Vegagerð.

[Snjómokstursfulltrúar Borgarbyggðar](#)

Snjómokstursfulltrúar eru tengiliðir við íbúa, Vegagerðina og snjómokstursverktaka á hverju svæði. Þeir hafa ekki upplýsingar um veður eða færð á öllum vegum.

Skólabílstjórar hafa heimild til að hafa beint samband við vaktmenn hjá Vegagerðinni og óska eftir mokstri.

Snjómokstursfulltrúar veturinn 2021-2022:

Hraunhreppur, Álftaneshreppur:

Finnbogi Leifsson, Hítardal, s. 437-1715/862-1715

Kolbeinsstaðahreppur:

Ólafur Sigvaldason, Brúarhraun, s. 661-9860

Borgarhreppur, Stafholtstungur, Norðurárdalur og Þverárhlið:

Kristín Kristjánsdóttir, Bakkakoti, s. 862-8310

Hálsasveit, Hvítársíða, Reykholtsdalur, Flókadalur, Lundarreykjadalur, Bæjarsveit og

Andakíll:Jón Pétursson, Kleppjárnsreykjum, s. 693-4832

Íbúar eru beðnir um að hafa samband við snjómokstursfulltrúa á sínu svæði þegar þörf er á snjómokstri. Þegar óskað er eftir heimreiðamokstri þarf að panta hann með sólarhrings fyrirvara til að unnt sé að skipuleggja hann með öðrum mokstri. Sé slíkt ekki gert, er ekki hægt að tryggja snjómokstur eins og óskað er eftir.

[Stofnvegir](#)

Vegagerðin sér alfarið um snjómokstur á eftirfarandi leiðum:

Mokað alla daga:

- Hringvegur (1)
- Bifrastarvegur (5240), að Sjónarhóli
- Borgarfjarðarbraut (50), Seleyri að Hvanneyri
- Hvanneyrarvegur (511)
- Brattabrekka (60)
- Snæfellsnesvegur (54), Borgarnes að Haffjarðará

Mokað sunnudaga, mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga:

- Borgarfjarðarbraut (50): Hvanneyrarvegur - Hálsasveitarvegur – Baulan
- Hálsasveitarvegur (518): Kleppjárnsreykir - Reykholt- Húsafell
- Hvítárvallavegur (510) og Grímarsstaðavegur (5317): Hringvegur- Hvanneyri

Mokað mánudaga og föstudaga:

- Heydalsvegur (55): Heydalur

Innansveitarvegir - Helmingamokstur

Vegagerðin hefur skilgreint vegi þar sem heimilt er að beita helmingamokstursreglu, allt að þrisvar í viku þar sem kostnaður skiptist til helminga á Vegagerð og Borgarbyggð. Vegagerð aðhefst ekki í snjómokstri á þessum vegum fyrr en ósk eða samþykki þar um liggur fyrir frá snjómokstursfulltrúa. Ef þörf er á helmingamokstri oftast en þrisvar í viku, verður að liggja fyrir samþykki Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar. Veður og veðurspá getur haft áhrif á tímasetningar snjómoksturs.

Sjá upplýsingar á vef Vegagerðarinnar:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vetrarhjonusta/vinnureglur//984d907c3456060b00257111004bc7c9?OpenDocument>

Akstursleiðir skólabíla

Borgarbyggð greiðir fyrir snjómokstur á akstursleiðum skólabíla skv. akstursplani þeirra. Verktakar sem sinna snjómokstri á innansveitarvegum skulu jafnframt annast snjómokstur á akstursleiðum skólabíla.

Heimreiðar

Einungis er full þjónusta á þeim heimreiðum þaðan sem er skólaakstur vegna skólagöngu grunnskólabarna. Þó eru heimreiðar mokaðar ef nauðsynlegt er vegna sorphirðu og/eða félagsþjónustu.

Allt að 2 sinnum á almanaksári greiðir Borgarbyggð fyrir snjómokstur á heimreiðum íbúðarhúsa í dreifbýli þar sem er föst búseta allt árið. Aðeins er um að ræða mokstur þannig að fært sé að bílastæðum við íbúðarhús. Ekki er um að ræða hreinsun á hlöðum eða plönnum eða að útihúsum. Mokstur á innansveitarvegum skal njóta forgangs umfram mokstur heimreiða.

Þéttbýli

Verkstjóri Áhaldahúss og snjómokstursfulltrúar á viðkomandi svæðum forgangsraða verkefnum í snjóhreinsun og hálkueyðingu í samræmi við götukort. Þeir kalla út verktaka sem fylgja skulu fyrirmælum hvað varðar fyrirkomulag og gæði hreinsunar.

Borgarnes og Hvanneyri: Ámundi Sigurðsson, verkstjóri Áhaldahúss, s. 892-5678

Kleppjárnsreykir: Jón Pétursson, Kleppjárnsreykjum, s. 693-4832

Bifröst: Kristín Kristjánsdóttir, Bakkakoti, s. 862-8310

Þjónustuflokkar fyrir snjómokstur og gatna í þéttbýli.

Rauðar götur eru þær götur og vegir þar sem þjónustu er alfarið sinnt af Vegagerðinni.

1. Þjónustuflokkur - Bleikar götur

Allar stofnbrautir og aðaltengigötur m.a. að neyðarþjónustu, skólum og fjölförnum safngötum. Lögð áhersla á að þær séu alltaf greiðfærar. Hreinsun á þessum götum skal vera lokið fyrir kl. 08:00 að morgni virka daga.

Bílastæði og plön við skóla, leikskóla, íþróttamiðstöð, heilsugæslustöð og slökkvistöð og björgunarsveitarhús eru í forgangi og skulu vera hreinsuð fyrir 08:00 virka daga.

2. Þjónustuflokkur- bláar götur

Safngötur með minni umferð, aðalgötur gegnum hverfi. Hreinsun hefst þegar hreinsun er lokið á bleikum götum. Bílastæði og plön við Tónlistarskóla, Ráðhús, Safnahús og aðrar stofnanir og bílastæði á vegum sveitarfélagsins skulu hreinsuð samhliða.

3. Þjónustuflokkur – gular götur

Húsagötur og fáfarnar safngötur. Húsagötur eru ekki mokaðar nema þær séu orðnar þungfærar einkabílum sem eru útbúnir til vetraraksturs, eða ef von er á hláku.

Almennt er snjór hreinsaður frá innkeyrslum. Þau tilfelli geta komið upp að ekki er hreinsað frá innkeyrslum fyrir en nokkru eftir að gata hefur verið hreinsuð. Við snjóhreinsun gatna er þó líklegt að snjóruðningar eða –köggjar geti orðið eftir við innkeyrslur sem ekki næst að hreinsa og þurfa íbúar það sjáum þá hreinsun sjálfir.

Hálkuvarnir í þéttbýli

Í háliku er þörf á hálkuvörnum metin hverju sinni. Verkstjóri áhaldahúss sér um skipulagningu hálkuvarna.

Göngustígar

Gert er ráð fyrir að gangstéttar að skólum, leikskólum og íþróttamiðstöð séu hreinsaðar.

Tengiliðir vegna snjómoksturs eru deildarstjóri umhverfis-og framkvæmdamála

Borgarbyggðar og yfirverkstjóri Vegagerðarinnar í Borgarnesi.

Hafa ber í huga að reglur þessar eru viðmiðunarreglur og bera að líta á þær sem slíkar.